

Íslandssjóðir hf.

Eignasafn – Ríki og sjóðir

Útboðslýsing

Nóvember 2011

Efnisyfirlit

Tilkynning til fjárfesta	3
Upplýsingar um Eignasafn - Ríki og sjóðir	4
Heiti, stofndagur, deildaskipting	4
Markmið og fjárfestingarstefna sjóðsins	4
Reglulegar upplýsingar og skýrslur	4
Skattlagning	4
Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings	4
Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda	4
Samruni og slit sjóðs	4
Ráðstöfun tekna	4
Innlausnarskylda, heimild til frestunar innlausnar	4
Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina	5
Reglur um mat eigna	5
Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini	5
Flutningur á milli sjóða	5
Skráning á skipulegum verðbréfamarkaði	5
Þóknanir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina	5
Veltuhlutfall	5
Umsjónarlaun til rekstrarfélags, þóknun vörslufyrirtækis og annar kostnaður	6
Íslandssjóðir hf.	6
Útvistuð verkefni	6
Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.	7
Endurskoðendur Íslandssjóða hf.	7
Vörslufyrirtæki	7
Fjárfestingarheimildir Eignasafns - Ríkis og sjóða	7
Áhætta tengd fjárfestingu í verðbréfasjóðum	7
Ýmsar upplýsingar	8
Markmið, fjárfestingarstefna, eignasamsetning, árangur og áhætta	9
Eignasafn - Ríki og sjóðir	9
Reglur fyrir Eignasafn - Ríki og sjóðir	12
Útdráttur úr lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði	15
Úr kafla A: Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða	15
II. kafli F: Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða	15

Tilkynning til fjárfesta

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðsins **Eignasafn - Ríki og sjóðir** er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar af kostgæfni, sem og fylgiskjól hennar. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættu sem er að finna í útboðslýsingunni.

Útboðslýsinguna skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Íslandssjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, við mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins sem fjárfestingarkosti.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini sjóðsins.

Útboðslýsing þessi er unnin í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og reglugerð nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Útboðslýsingin er uppfærð einu sinni á ári og oftast ef breytingar verða á reglum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf., kt. 690694-2719, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði er áhrif geta haft á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Reykjavík, 23. nóvember 2011

Agla Elísabet Hendriksdóttir, framkvæmdastjóri
Kt. 300167-5869, Áslandi 20, 270 Mosfellsbær

Stjórn Íslandssjóða hf.

Ársæll Valfells

Bolli Héðinsson

Erna Eiríksdóttir

Steinunn Bjarnadóttir

Upplýsingar um Eignasafn - Ríki og sjóðir

Heiti, stofndagur, deildaskipting

Sjóðurinn er verðbréfasjóður og heitir **Eignasafn - Ríki og sjóðir, kt. 650311-9810**. Sjóðurinn var stofnaður í mars 2011.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Félagið Verðbréfasjóðir Íslandsbanka hf. var stofnað 29. desember 1988 og tók yfir rekstur verðbréfasjóða sem voru í rekstri hjá Verðbréfamarkaði lðnaðarbankans hf. Nafni félagsins var breytt í Glitni sjóði hf. í apríl 2006 og í Íslandssjóði hf. í apríl 2009. Sjóðurinn er sjóðasjóður og starfar í einni sjóðsdeild.

Markmið og fjárfestingarstefna sjóðsins

Lýsingu á markmiði og fjárfestingarstefnu sjóðsins er að finna á blaðsíðum 9 -11.

Reglulegar upplýsingar og skýrslur

Útboðslýsingin, útdrættir úr útboðslýsingu, ársreikningar og árshlutareikningar liggja frammi á skrifstofu Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík. Reglur sjóðsins er að finna í þessari útboðslýsingu.

Skattlagning

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðum.

Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings

Upplýsingar um sjóðinn birtast í ársreikningi og árshlutareikningi Íslandssjóða hf. Reikningsár er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok mars hvert ár og árshlutareikningur fyrir lok september ár hvert.

Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda

Eignasafn - Ríki og sjóðir skiptist í tvo flokka eininga, A og B, sem auðkenndir eru sérstaklega í bókhaldi sjóðsdeildanna. Flokkur B er fyrir fjárfesta sem eiga samtals 5.000 m.kr. eða meira í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða en flokkur A er fyrir fjárfesta sem eiga minna en 5.000 m.kr. Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga jafnan rétt til tekna og eigna hans í hlutfalli við hlutdeild sína. Eignir sjóðsins skiptast hlutfallslega á milli flokka eininga m.v. fjölda útgefina eininga í hvorum flokki að teknu tilliti til gengis hvors flokks.

Íslandssjóðir hf. gefur út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi sérstakrar kvittunar fyrir eignarhlutdeild í sjóðnum þar sem fram kemur kaupverð í íslenskum krónum, fjöldi hluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum. Hlutdeildarskírteinin eru staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins sbr. 23. gr. laga nr. 128/2011. Einingum í sjóðnum fylgir ekki atkvæðisréttur. Verðgildi einnar einingar í sjóðnum var kr. 1.000 við stofnun. Verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun.

Samruni og slít sjóðs

Starfsemi sjóðsins verður ekki hætt, eða hann sameinaður öðrum sjóði eða sjóðsdeild nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlitsins á breytingum á reglum sem leiða af sameiningu eða lokun. Forsendur fyrir sameiningu eða lokun sjóðs gætu verið þær að sjóður sé of lítill þannig að óhagkvæmt sé að reka hann eða að hagsmunum eigenda sé betur borgið ef sjóðnum sé lokað eða sameinaður öðrum.

Við lokun sjóðsins skulu hlutdeildarskírteini sjóðsins innkölluð með opinberri innköllun og eigendum hlutdeildarskírteina tilkynnt um lokun hans. Skulu hlutdeildarskírteinin innleyst jafnskjótt og eignum sjóðsins hefur verið komið í verð.

Við sameiningu sjóðsins við annan sjóð skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá einingar í sameinuðum sjóði í hlutfalli við eign sína og eigendum tilkynnt um sameininguna. Eigendur hlutdeildarskírteina skulu þó hafa a.m.k. 3 vikur frá því að slík tilkynning hefur verið send, til að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum viðkomandi sjóðs, áður en hlutdeildarskírteini í sameinuðum sjóði eru gefin út.

Ráðstöfun tekna

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

Innlausnarskylda, heimild til frestunar innlausnar

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu kaupgengi í sjóðnum. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina

krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðs er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og auglýst opinberlega.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

Innlausnarvirði (kaupgengi) flokka eininga í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum sameiginlegum skuldum, svo sem við innlánsstofnanir, ógreiddum innheimtu- og umsjónarkostnaði og reiknuðum áföllnum opinberum gjöldum. Markaðsvirði eigna sem eftir standa skal þá skipt m.v. hlutdeild hvors flokks í sjóðnum sbr. 5. grein reglna sjóðsins. Frá eignum hvors flokks skal þá draga umsjónarlaun og í mismun sem þannig fæst er deilt með fjölda útgefinna og óinnleysta eininga í viðkomandi flokki til þess að finna innlausnarvirði hverrar einingar.

Innlausnarvirði flokka hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað daglega. Innlausnarvirði og sölugengi birtast á vef Íslandsbanka, www.isb.is/sjodir.

Reglur um mat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir reglugerð um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 792/2003. Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði hans að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka á Kirkjusandi eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir í Netbanka Íslandsbanka á www.isb.is. Jafnframt er hægt að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum hjá Auði Capital og Arctica Finance. Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, þ.e. kl. 15:00 í Eignasafn - Ríki og sjóðir eru afgreiddar að einum virkum degi liðnum (T+1). Viðmiðunartími viðskipta tekur mið af opnunartíma í kauphöllinni, Nasdaq OMX Nordic Exchange. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að tveimur virkum dögum liðnum.

Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrr en einum degi eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum.

Flutningur á milli sjóða

Flutningur milli sjóða fer eftir sömu reglum og gilda um tilhögun viðskipta. Veittur er 50% afsláttur af upphafsgjaldi þegar flutt er milli sjóða.

Skráning á skipulegum verðbréfamarkaði

Hlutdeildarskírteini Eignasafns - Ríkis og sjóða eru ekki skráð í kauphöllinni, Nasdaq OMX Nordic Exchange á Íslandi.

Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina

Þóknun vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini hjá Íslandsbanka fer eftir vaxta- og verðskrá verðbréfaþjónustu Íslandsbanka. Þóknun annarra söluaðila fer eftir verðskrá þeirra hverju sinni. Annars vegar eru almenn kjör og hins vegar sérkjör, sjá [töflu 1](#). Sérkjör eru í boði fyrir fjárfesta sem eiga samtals 5.000 m.kr. eða meira í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða, en almenn kjör eru fyrir fjárfesta sem eiga minna en 5.000 m.kr. Fjárfestar sem fá sérkjör þurfa einnig að greiða sérstakt innlausnargjald (veltþóknun), sem dregst frá innlausnarfjárhæð. Upphafsgjald og innlausnargjald greiðist að fullu til söluaðila sjóðsins. Eignasafn - Ríki og sjóðir greiðir ekkert upphafs- eða innlausnargjald vegna viðskipta með aðra sjóði Íslandssjóða.

Vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini skal greiða fast afgreiðslugjald og fer það eftir verðskrá hvers söluaðila fyrir sig.

Tafla 1: Upphafsgjald/Innlausnargjald.	Upphafsgjald: Almenn kjör Flokkur A	Upphafsgjald: Sérkjör Flokkur B	Innlausnargjald: Sérkjör Flokkur B
Eignasafn - Ríki og sjóðir	1,0%	0,30%	0,30%

Veltuhlutfall

Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað, og er það reiknað á eftirfarandi staðlaðan hátt:
Veltuhlutfall = [(Samtala 1 – Samtala 2)/M]*100

Velta sjóðs eða sjóðsdeildar skal reiknuð með eftirfarandi hætti:
Kaup verðbréfa = X , Sala verðbréfa=Y
Samtala 1 = Heildarvelta verðbréfa = X + Y

Verðmæti útgefinna hlutdeildarskírteina = S , Verðmæti innleystra hlutdeildarskírteina = T
Samtala 2 = Heildarvelta hlutdeildarskírteina = S + T

Viðmiðun meðaltals hreinna heildareigna = M

Veltuhlutfall Eignasafns - Ríkis og sjóða sbr. tilmæli Fjármálaeftirlitsins, mun ekki liggja fyrir fyrr en að liðnu einu reikningsári frá stofnun sjóðsins en hann er stofnaður í mars 2011.

Umsjónarlaun til rekstrarfélags, þóknun vörslufyrirtækis og annar kostnaður

Fyrir rekstur Eignasafns - Ríkis og sjóða greiðir sjóðurinn Íslandssjóðum hf. umsjónarlaun sem eru ákveðinn hundradshluti af eignum, en eru mismunandi eftir flokkum. Í rekstri sjóðsins felast m.a. fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu og umsýsla, þ.e. bókhald, útreikningur á innlausnarvirði, eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina, reikningshald, þjónusta við eigendur o.fl. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins, sjá töflu 2. Umsjónarlaun eru innheimt mánaðarlega. Í sjóðnum eru almenn kjör og hins vegar sérkjör.

Tafla 2:	Almenn kjör	Sérkjör
Umsjónarlaun	Flokkur A	Flokkur B
Eignasafn - Ríki og sjóðir	0,5%	0,5%

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir hf. getur krafði sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl.

Íslandssjóðir hf. hefur, í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 128/2011, samið við Íslandsbanka hf. um að sjá um hluta af daglegum rekstri, annan en fjárfestingar. Fyrir þjónustu Íslandsbanka hf. greiða Íslandssjóðir hf. þóknun af þeim umsjónarlaunum sem innheimt hafa verið af sjóðnum.

Íslandssjóðir hf. hafa, í samræmi við ákvæði C-liðs II. kafla laga nr. 128/2011 samið við Íslandsbanka hf. um að vera vörslufyrirtæki sjóðsins. Hlutverk vörslufyrirtækis er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóðsins og sinna eftirliti. Þóknun til vörslufyrirtækis er 0,0225% á ári af verðbréfaeign sjóðsdeilda og er reiknuð daglega inn í gengi þeirra. Ekki er tekin vörsluþóknun af innlánnum eða lausu fé sjóðsdeilda.

Íslandssjóðir hf.

Íslandssjóðir hf., kennitala 690694-2719, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem Rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt 7. tölul. 1.mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 sbr. B-lið II. kafla laga nr. 128/2011.

Íslandssjóðir hf., var upprunalega stofnað árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka hf. Félagið sér um daglegan rekstur Eignasafns - Ríkis og sjóða, sbr. 17. og 18. grein laga um verðbréfasjóði nr. 128/2011. Auk þess sér það um daglegan rekstur Eignasafns, Ríkissafns – ríkisskuldabréf og innlán, Veltusafns, Fókus - Vaxta, Ríkisskuldabréfa – Sjóðs 5, Úrvalsvisitölu – Sjóðs 6, Langra ríkisskuldabréfa – Sjóðs 7, Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóðs 10 og Heimssafns – Sjóðs 12. Einnig sér félagið um fjárfestingar fyrir Glitnir Asset Management S.A., sem er rekstrarfélag Íslandsbanka í Lúxemborg. Félagið er einnig með eignastýringu fyrir þriðja aðila. Hlutfélagins er 25 milljónir króna og hefur það allt verið greitt.

Útvistuð verkefni

Á grundvelli 18. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 128/2011 hafa Íslandssjóðir hf. gert samkomulag við Íslandsbanka hf. um að sjá um hluta af daglegum rekstri, en nánar tiltekið er um að ræða verkefni skv. a., b., c., d., e., f., g., h., og i. lið 2. tölul. 17. gr. og markaðssetningu skv. 3. tölul. 17. gr. laganna. Íslandsbanki hf. mun sjá um reikningshald og lögfræðipjónustu. VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka mun sjá um markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavinum. Rekstrar- og upplýsingatækni við Íslandsbanka mun sjá um útreikning á innlausnarvirði og mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna, viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta.

Rekstrar- og upplýsingatækni við Íslandsbanka sér um að senda mánaðarlegar skýrslur til Seðlabanka Íslands og skýrslur til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna sjóðsins. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins eru jafnframt í höndum Rekstrar- og upplýsingatækni við Íslandsbanka ef efnið varðar þá þætti sem Íslandsbanki hf. hefur tekið að sér samkvæmt samningi við Íslandssjóði hf. Einnig sér Rekstrar- og upplýsingatækni við Íslandsbanka um að greiða umsjónarlaun og vörsluþóknun fyrir sjóðinn.

En þrátt fyrir að Íslandssjóðir hf. feli Íslandsbanka hf. hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr. laga nr. 128/2011 hefur það engin áhrif á ábyrgð Íslandssjóða hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Íslandssjóðir hf. bera fulla ábyrgð á úrlausn og framkvæmd verkefna Íslandsbanka hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í sjóðnum.

Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.

Stjórnarmenn: Ársæll Valfells, kt. 301272-4569, viðskiptafræðingur,
Bolli Héðinsson, kt. 050254-3809, hagfræðingur,
Erna Eiríksdóttir, kt. 110963-2039, viðskiptafræðingur,
Steinunn Bjarnadóttir, kt. 050856-2169, forstöðumaður Reksturs og innra eftirlits hjá VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka hf.

Varamenn: Anna Huld Óskarsdóttir, kt. 230668-4779, sálfræðingur, MBA,
Hjörleifur Pálsson, kt. 281163-4269, viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi,
Kristján Björgvinsson, kt. 090664-3019, viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi,
Kristrún Auður Viðarsdóttir, kt. 180974-5639, sérfræðingur í viðskiptaþróun hjá VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka hf.

Framkvæmdastjóri: Agla Elísabet Hendriksdóttir, kt. 300167-5869

Endurskoðendur Íslandssjóða hf.

Endurskoðendur félagsins eru Deloitte hf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur.

Vörslufyrirtæki

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 128/2011 skal umsjá og varðveisla fjármálagerna verðbréfasjóðs falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt 21. gr. laganna geta meðal annars viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrntæki og verðbréfafyrirtæki hlotið viðurkenningu sem vörslufyrirtæki. Vörslufyrirtæki Eignasafns - Ríkis og sjóða er Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Ekki verður skipt um vörslufyrirtæki nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum hluteigandi aðila. Vörslufyrirtæki skal framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hluteigandi aðila, tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Íslandsbanki hf. er fjármálaþyrntæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánaþyrntæki og þjónusta við stærri fyrirtæki, markaðsviðskipti, eignafjármögnun og eignastýring. Íslandsbanki hf. má eiga eignarhluti í félögum sbr. reglur 22. og 28. gr. sömu laga. Forstjóri Íslandsbanka hf. er Birna Einarsdóttir, kt. 130761-3729, Laufásvegi 48a, 101 Reykjavík.

Fjárfestingarheimildir Eignasafns - Ríkis og sjóða

Sjóðurinn byggir starfsheimildir sínar á F-lið, II. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Lögin í heild sinni má nálgast hjá Íslandsbanka hf. Kirkjusandi, 155 Reykjavík eða hjá Íslandssjóðum hf. á sama stað eða á vef Alþingis www.althingi.is. Til upplýsinga fyrir eigendur hlutdeildarskírteina sjóðsins eða væntanlegra eigenda, er II. kafla F um fjárfestingarheimildir að finna á blaðsíðum 15-16 í útboðslýsingu þessari.

Áhætta tengd fjárfestingu í verðbréfasjóðum

Fjárfesting í verðbréfasjóðum felur í sér áhættu, því gengi verðbréfasjóða getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfesting í verðbréfasjóði er þó áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum vegna þess að sjóður fjárfestir í mörgum verðbréfum og dreifir þannig áhættunni.

Eignasafni er heimilt að nota afleiður, t.d. til þess að fastsetja hagnað eða ákveða verð eða vegna fyrirsjáanlegra innlausna og afborgana skuldabréfa eða vegna markaðsaðstæðna enda sé það hluti af eignastýringu sjóðsins. Verðmæti afleiðna má þó aðeins nema 10% af heildareign sjóðsins enda sé mótaðili fjármálaþyrntæki á evrópska efnahagssvæðinu. Sjóður sem nýttir heimild til afleiðuviðskipta getur verið áhættumeiri en sá sem gerir það ekki, en það fer eftir eðli afleiðuviðskiptanna. Í sumum tilfellum getur notkun afleiðna hins vegar dregið úr áhættu sjóðs.

Fjárfestar ættu að hafa í huga að fjárfesting í verðbréfasjóðum er jafnan hugsuð til langs tíma. Verðmæti eignar í sjóði getur á einhverjum tímamarki verið lægra en það var fyrr á eignartímanum og ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um hver ávöxtun verður í framtíð. Fjárfestar ættu að hafa í huga að hugsanlega fá þeir minna til baka en þeir fjárfesta fyrir í upphafi.

Ýmsar upplýsingar

Hvorki stjórnarmenn Íslandssjóða hf. né framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. hafa fengið lán hjá félaginu, né hefur félagið gengist í ábyrgðir fyrir þá. Engir skilmálar eru í gildi um kaup stjórnarmanna og starfsmanna á hlutabréfum í félaginu eða á hlutdeildarskírteinum Eignasafns - Ríkis og sjóða.

Markmið, fjárfestingarstefna, eignasamsetning, árangur og áhætta

Eignasafn - Ríki og sjóðir

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, ábyrgð sveitarfélaga, öðrum skuldabréfum, innlánnum fjármálafyrirtækja og öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta beint í innlendum og erlendum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga og innlánnum fjármálafyrirtækja.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir) sem fjárfesta á skuldabréfamörkuðum. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum fjárfestingarsjóða skv. III. kafla laga nr. 128/2011. Sjóðnum er aðeins heimilt að fjárfesta 20% í einstökum verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 128/2011. Óheimilt er að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða. Jafnan skal sjóðurinn vera fullfjárfestur í hlutdeildarskírteinum, skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga og innlánnum fjármálafyrirtækja, en sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðnum er heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum en slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta í afleiðum til að framfylgja fjárfestingarstefnu, en að hámarki 10% af heildareignum. Helstu tegundir afleiða sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem skuldabréf og/eða peningamarkaðsskjöl eru keypt eða seld framvirk. Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum, að hluta eða öllu leyti í sjóðum Íslandssjóða, en að hámarki 50% af eign sinni skv. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 128/2011.

Traust verðbréf

Á grundvelli 38. greinar laga nr. 128/2011 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 50% eigna sinna í skuldabréfum útgefnam af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Aðferðarfræði

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignarstöfun (e. tactical asset allocation). Stefnt er að því að ávaxta fjármuni hlutdeildarskírteinishafa með virku vali á skuldabréfasjóðum, skuldabréfum og innlánnum.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Verðbréfaflokkur	Eign, %*	Viðmið, %	Lágm., %	Hám., %
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir)	-	70	40	90
Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða skv. III. kafla laga nr. 128/2011	-	0	0	30
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga	-	30	0	50
Innlán fjármálafyrirtækja	-	0	0	40
Afleiður	-	0	0	10

*) Þar sem um nýjan sjóð er að ræða liggja þessar upplýsingar ekki fyrir fyrr en að einu reikningsári liðnu

Munurinn á verðbréfasjóðum (UCITS) og fjárfestingarsjóðum (Non-UCITS)

Munurinn á verðbréfasjóðum (UCITS) og fjárfestingarsjóðum (Non-UCITS sjóðum) skv. III. kafla laga nr. 128/2011 er sá að UCITS sjóði er heimilt að markaðssetja og selja á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), þ.e. þeir hafa svokallaða Evrópupassa og uppfylla því tiltekin lágmarksskilyrði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 85/611/EB. En fjárfestingarsjóðir (Non-UCITS) eru sjóðir sem uppfylla ekki skilyrði tilskipunarinnar og er því aðeins heimilt að markaðssetja hér á landi. Eignasafni - Ríki og sjóðum er heimilt að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum (Non-UCITS sjóðum) að hámarki 30%.

Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í tvö ár eða lengur og þola nokkrar verðsveiflur. Sjóðurinn fjárfestir að stærstum hluta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Sjóðurinn fjárfestir einnig beint í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og sveitarfélaga ásamt innlánnum fjármálafyrirtækja. Áhættudreifing í sjóðnum er því góð, en alltaf má búast við tímabundnum eða langvarandi lækkunum.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til að fastsetja hagnað eða til að draga úr áhættu, eða til að festa verð á skuldabréfum vegna fyrirsjáanlegra innlausna vegna markaðsaðstæðna enda sé það hluti af eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn notar afleiður í þeim tilgangi að draga úr áhættu eða minnka kostnað. Með notkun afleiðna stefnir sjóðurinn að því að halda fjárfestingum sínum innan fjárfestingarstefnu sjóðsins. Helstu tegundir afleiða sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem skuldabréf og/eða peningamarkaðsskjöl eru keypt eða seld framvirk. Með framvirkum samningi skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi hlutdeildarskírteini í sjóðum, skuldabréf

peningamarkaðsskjöl og/eða gjaldeyri á ákveðnu verði í framtíðinni. Í framvirkum samningi felst markaðsáætla og mótaðilaáætla sem farið er yfir hér í kafla um áhættustig sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Með vísan til 30. gr. 5. og 6. tölul. laga nr. 128/2011 er sjóðnum heimilt að eiga viðskipti með skráðar og óskráðar afleiður, enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á raunvirði hverju sinni.

Afleiður skulu ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins og notar sjóðurinn einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustöðu sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. mark-to-market).

Áhættustig sjóðsins

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í sjóðasjóði eins og Eignasafni - Ríki og sjóðum sem fjárfestir m.a. í öðrum verðbréfasjóðum getur þó verið áhættuminni en fjárfesting í sjóði sem fjárfestir eingöngu beint í einstökum skuldabréfum þar sem áhættudreifing sjóðasjóða er að jafnaði meiri. Það felst í því að skv. 39. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði þurfa sjóðasjóðir að dreifa fjárfestingum sínum á a.m.k. 5 aðra sjóði og þurfa þeir sjóðir jafnframt að dreifa áhættu sinni skv. tilteknum reglum, þannig er áhættudreifing sjóðasjóða eins og Eignasafns - Ríkis og sjóða mikil.

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur þó ávallt í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Gengi og ávöxtun sjóðsins er háð þróun á skuldabréfamörkuðum. Einstakir útgefendur fjármálagerninga sem sjóðurinn er eigandi að geta orðið gjaldþrota og geta ekki greitt sjóðnum skuldir sínar. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, því ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í sjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Áhætta vegna fjárfestinga sjóðsins í afleiðum er óveruleg, þar sem innan við 10% af sjóðnum má binda í afleiðum. Dæmi um hugsanlegt tap væri að sjóðurinn hafi fastsett verð með afleiðusamningi, en verðið hugsanlega haldið áfram að hækka og sjóðurinn verði af frekari hækkun. Einnig getur verð undirliggjandi afleiðu lækkað og sjóðurinn orðið fyrir tapi, þar sem hægt væri að kaupa undirliggjandi bréf á hagstæðara verði.

Áhættupættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáætla** – Markaðsáætla er almenn áhætta sem fylgir allri fjárfestingu, þ.e. verðgildi ákveðinnar fjárfestingar getur breyst til hins verra miðað við hagsmuni sjóðsins. Ef verð á markaði lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á markaði. Meðal þeirra þátta sem hafa mikil áhrif eru breytingar á framboði og eftirspurn, þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast m.a. af því hvar framboð og eftirspurn mætast.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn verðbréfa né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Verðbréfasjóður þar sem samsetning eigna er að stórum hluta í skuldabréfum eða sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum hefur í sér fölgna vaxtaáhættu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa. Hækki vextir á markaði, lækkar að jafnaði verð skuldabréfa á markaði.
- d) **Greiðsluáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiði ekki á gjalddaga eða á lokadegi innláns.
- e) **Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta að hluta til í verðtryggðum skuldabréfum eða skuldabréfasjóðum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fölgir er í hækkandi verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjóðun til lengri tíma sé óveruleg.
- f) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- g) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- h) **Landsbundin áhætta** – Sú áhætta sem bundin er við landssvæði getur einnig skapað óvissu um ytri aðstæður, s.s. skattareglur breytist, stjórn málaástand, hryðjuverk, styrjaldir, náttúruhamfarir, farsóttir og aðrar álíka aðstæður geta skapað óvissu.
- i) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fölgir í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluðila.
- j) **Gjaldmiðlaáhætta** – Sjóðurinn fjárfestir að hluta til í fjármálagerningum sem eru tilgreindar í erlendri mynt og eru háðar þeirri áhættu að verðgildi viðkomandi gjaldmiðils breytist í hlutfalli við annan eða aðra gjaldmiðla. Meðal þeirra áhættuþátta sem hafa áhrif á verðgildi gjaldmiðla er, viðskiptajöfnuður, vaxtastig til skamms tíma, mismunur á hlutfallslegu verðgildi eigna í annarra mynt, fjárfestingarkostir og arðsvon til langs tíma og stjórn málaþróun.

Heildarkostnaðarhlutfall

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 skal reikna og birta heildarkostnaðarhlutfall (HKH) fyrir liðið reikningsár. HKH sjóðs jafngildir hlutfalli heildarrekstrarkostnaðar af hreinni meðaleignastöðu. Heildarrekstrarkostnaður samanstendur af vaxtagjöldum, umsjúlaunum og öðrum rekstrarkostnaði að frádregnum

fjármagnskostnaði, innheimtukostnaði og viðskiptakostnaði. HKH skal staðfest af endurskoðenda sjóðs. Þar sem um nýjan sjóð er að ræða mun HKH sjóðsins ekki liggja fyrir, sbr. tilmæli Fjármálaeftirlitsins, fyrir en að liðnu einu reikningsári.

Hámarksstjórnunarkostnaður

Í samræmi við 5. mgr. 52. gr. laga nr. 128/2011 ber sjóði sem fjárfestir verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu tilgreina hámarksstjórnunarkostnað sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og hinir sjóðirnir skuli bera. Þar sem um nýjan sjóð er að ræða mun hámarksstjórnunarkostnaður ekki liggja fyrir en að liðnu einu reikningsári.

Veltuhlutfall

Einnig skal veltuhlutfall sjóðs reiknað og birt sbr. tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004. Veltuhlutfall verðbréfasafns felur í sér vísbendingu um viðskiptakostnað, og er það reiknað á eftirfarandi staðlaðan hátt:

$$\text{Veltuhlutfall} = \frac{[\text{Samtala 1} - \text{Samtala 2}]/M \cdot 100}{100}$$

Þar sem um nýjan sjóð er að ræða mun veltuhlutfall sjóðsins ekki liggja fyrir en að einu reikningsári liðnu.

Ýmsar upplýsingar

Sjóðurinn var stofnaður árið 2011.

Þóknanir, sjá bls. 5.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

Uppgjörsmýnt sjóðsins er ISK (Íslenskar krónur).

Skattlagning

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðum.

Reglur fyrir Eignasafn - Ríki og sjóðir

I. kafli: Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk

1. grein

Sjóðurinn heitir **Eignasafn - Ríki og sjóðir, kt. 650311-9810**, og starfar í einni sjóðsdeild. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og sækir fjárfestingarheimildir í II. kafla fyrrnefndra laga.

2. grein

Tilgangur með rekstri sjóðsins er að veita viðtöku fé frá almenningi og fagfjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt kunngerðri fjárfestingastefnu.

II. kafli: Markmið og fjárfestingarstefna

3. grein

Eignasafn - Ríki og sjóðir - Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, ábyrgð sveitarfélaga, öðrum skuldabréfum, innlánum fjármálafyrirtækja eða öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta beint í innlendum og erlendum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga og innlánum fjármálafyrirtækja.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir) sem fjárfesta á skuldabréfamörkuðum. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum fjárfestingarsjóða skv. III. kafla laga nr. 128/2011. Sjóðnum er aðeins heimilt að fjárfesta 20% í einstökum verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 128/2011. Óheimilt er að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða. Jafnan skal sjóðurinn vera fullfjárfestur í hlutdeildarskírteinum, skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga og innlánum fjármálafyrirtækja, en sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðnum er heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum en slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta í afleiðum til að framfylgja fjárfestingarstefnu, en að hámarki 10% af heildareignum. Helstu tegundir afleiða sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem skuldabréf og/eða peningamarkaðsskjöl eru keypt eða seld framvirkir. Sjóðnum er heimilt að festa það fé, sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum, að hluta eða öllu leyti í sjóðum Íslandssjóða, en að hámarki 50% af eign sinni skv. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 128/2011.

Traust verðbréf

Á grundvelli 38. greinar laga nr. 128/2011 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 50% eigna sinna í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Aðferðarfræði

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation). Stefnt er að því að ávaxta fjármuni hlutdeildarskírteinishafa með virku vali á verðbréfasjóðum og verðbréfum.

Fjárfestingarstefna

Verðbréfaflokkur	Viðmið, %	Lágm., %	Hám., %
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða (UCITS-sjóðir)	70	40	90
Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða skv. III. kafla laga nr. 128/2011	0	0	30
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga	30	0	50
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	40
Afleiður	0	0	10

III. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn

4. grein

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól.

5. grein

Sjóðurinn skiptist í tvo flokka eininga, A og B, sem auðkenndir eru sérstaklega í bókhaldi sjóðsins. Flokkur B er fyrir fjárfesta sem eiga samtals 5.000 m.kr. eða meira í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða, en flokkur A er fyrir fjárfesta sem eiga minna en 5.000 m.kr. Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga jafnan rétt til tekna og eigna hans í

hlutfalli við hlutdeild sína. Eignir sjóðsins skiptast hlutfallslega á milli flokka eininga m.v. fjölda útgefna eininga í hvorum flokki að teknu tilliti til gengis sjóðs.¹

Íslandssjóðir hf. gefur út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðsdeild í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því, sem eru staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar deildarinnar sbr. 23. gr. laga 128/2011.

6. grein

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini sjóðsins að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu kaupgengi í sjóðnum. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðurinn staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og auglýst opinberlega. Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrr en tveimur dögum eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum. Uppgjör viðskipta með Eignasafn - Ríki og sjóðir eru á (T+1). Nánari upplýsingar um tilhögun viðskipta og viðmiðunartíma viðskipta er að finna í útboðslýsingu.

7. grein

Innlausnarvirði flokka eininga í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum sameiginlegum skuldum, svo sem við innlánsstofnanir, ógreiddum innheimtu- og umsjónarkostnaði og reiknuðum áföllnum opinberum gjöldum. Markaðsvirði eigna sem eftir stendur skal þá skipt m.v. hlutdeild hvors flokks í sjóðnum sbr. 5. grein. Frá eignum hvors flokks skal þá draga umsjónarlaun og í mismun sem þannig fæst er deilt með fjölda útgefna og óinnleysta eininga í viðkomandi flokki til þess að finna innlausnarvirði hverrar einingar.

Markaðsvirði eigna sjóðsins skal á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði sjóðsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

IV. kafli: Vörslufyrirtæki, rekstrarfélag, markaðssetning

8. grein

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík er vörslufyrirtæki sjóðsins sbr. C-lið II. kafla laga nr. 128/2011 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerninga sjóðsins samkvæmt samkomulagi þar um. Ekki verður skipt um vörslufyrirtæki nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

9. grein

Íslandssjóðir hf., 690694-2719, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, er rekstrarfélag sjóðsins skv. 27. gr. laga nr. 161/2002 sbr. B-lið II. kafla laga nr. 128/2011. Í því felast m.a. fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu og umsýsla, þ.e. útreikningur á innlausnarvirði, eftirlit, viðhald hlutaskrár o.fl.

Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins. Umsjónarlaun eru innheimt mánaðarlega. Í sjóðnum eru almenn kjör og hins vegar sérkjör

Umsjónarlaun	Almenn kjör Flokkur A	Sérkjör Flokkur B
Eignasafn - Ríki og sjóðir	0,5%	0,5%

Stjórn Íslandssjóða hf. getur ákveðið að umsjónarlaun nemi lægri hundraðshluta en að ofan greinir og skal ákvörðun um slíkt bókuð í fundargerð stjórnar og greint frá henni í útboðslýsingu sjóðsins.

10. grein

Eignasafn - Ríki og sjóðir er verðbréfasjóður samkvæmt 1. tl. 2. gr. sbr. II. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og hefur heimild til markaðssetningar innan EES að undangenginni tilkynningu skv. 48. gr. laganna.

¹ Eignir sjóðsdeildar skiptast hlutfallslega á milli flokka eininga m.v. fjölda útgefna eininga í hvorum flokki að teknu tilliti til gengis sjóðs, sbr. eftirfarandi:

$$\text{Hlutdeild flokks í eignum sjóðs} = \frac{\text{(einingar í flokki i * gengi sjóðs)}}{\text{(einingar í flokki i * gengi sjóðs + einingar í flokki j * gengi sjóðs)}}$$

V. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum

11. grein

Starfsemi sjóðsins verður ekki hætt, honum lokað eða hann sameinaður öðrum sjóði eða annarri sjóðsdeild nema fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlitsins á breytingum á reglum sem leiða til sameiningar eða lokunar.

Við lokun sjóðs skulu hlutdeildarskírteini sjóðsins innkölluð með opinberri innköllun og eigendum hlutdeildarskírteina tilkynnt um lokun hans. Skulu hlutdeildarskírteinin innleyst jafnskjótt og eignum sjóðsins hefur verið komið í verð.

Við sameiningu sjóðsins við annan sjóðs skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá hlutdeild í sameinuðum sjóði í hlutfalli við eign sína og eigendum tilkynnt um sameininguna. Eigendur hlutdeildarskírteina skulu þó hafa a.m.k. 3 vikur frá því að slík tilkynning hefur verið send, til að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum sjóðsins, áður en hlutdeildarskírteini í sameinuðum sjóði eru gefin út.

12. grein

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur þessar og getur breytt þeim á lögumtæm stjórnarfundum ef meirihluti stjórnarmanna er samþykktur og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingar á reglum sjóðsins skulu tilkynntar eigendum hlutdeildarskírteina með bréfi eða rafrænum hætti, auk þess sem þær skulu auglýstar opinberlega.

VI. kafli: Upplýsingar

13. grein

Íslandssjóðir hf. skal birta endurskoðaðan ársreikning og árshlutareikning fyrir félagið, sem inniheldur sérgreindar upplýsingar um Eignasafn - Ríki og sjóði í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Jafnframt skal gefa út útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu þar sem komi fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í sjóðnum í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Reykjavík, 23. nóvember 2011

Stjórn Íslandssjóða hf.

Ársæll Valfells

Bolli Héðinsson

Erna Eiríksdóttir

Steinunn Bjarnadóttir

Útdráttur úr lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Úr kafla A: Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða

59. gr. Fjárfestingarheimildir.

Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.–43. gr. eiga við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.–7. mgr. Nýti fjárfestingarsjóður heimildir þessa ákvæðis skal þess skýrlega getið í reglum sjóðsins.

Ákvæði 3. tölul. 30. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskríteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða allt að 20% af eignum sínum.

Ákvæði 1. mgr. 31. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði. Um hámark fjárfestingar fjárfestingarsjóða í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda gilda eftirfarandi reglur:

1. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að:
 - a. binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í verðbréfum eins útgefanda,
 - b. binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálfyrirtækis,
 - c. binda allt að 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálfyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálfyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt,
 - d. binda allt að 35% í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum útgefnum af sama útgefanda en þá er einungis heimilt að fjárfesta yfir 20% í bréfum frá einum útgefanda. Þá er fjárfestingarsjóði heimilt að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálfyrirtækis. Samanlögð fjárfesting fjárfestingarsjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærrí en 40%,
 - e. binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.
2. Ekki er heimilt að leggja saman takmarkanir er koma fram í a- og d-lið 1. tölul.
3. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari málsgrein.
4. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálfyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.
5. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálfyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.
6. Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 4. og 5. tölul.
7. Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálfyrirtæki.

Ákvæði 2. mgr. 39. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóðum er heimilt að fjárfesta án takmarkana í fjárfestingarsjóðum. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs.

Fjárfestingarsjóðum er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Ákvæði 42. gr. gildir ekki um fjárfestingarsjóði. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af endurmetnu innra virði sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

II. kafli F: Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða

30. gr. Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
 - a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
 - b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
 - c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskríteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skríteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskríteinshafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árschlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskríteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskríteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. Innlánum fjármálfyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálfyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálfyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulíð verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánsseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilyrðum 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.

7. Peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr. Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

32. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskiótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr. Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

34. gr. Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skytt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

35. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánum sama útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, eða
2. meira en 20% af eignum sínum í innlánum sama fjármálafyrirtækis.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,
2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir skv. 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

36. gr. Vísitölusjóðir.

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölu er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

37. gr. Peningamarkaðssjóðir.

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum og innlánnum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

38. gr. Traust verðbréf.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

39. gr. Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs. Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

40. gr. Takmarkanir á eignasafni.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjöllum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

41. gr. Lán og ábyrgðir.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

42. gr. Skortsala.

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

43. gr. Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögumáttu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.